


# „Látum draumana rætast“ Menntastefna Reykjavíkur 2030

Fríða Bjarney Jónsdóttir
deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála
skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

# Mótun menntastefnu





- Vinnan hófst 2017
- Ráðgjöf innlendra og erlendra sérfræðinga
- Víðtækt samráð í undirbúningsferlinu
- Stóra spurningin:
  - Hvaða hæfni þurfa ungmenni að búa yfir þegar þau útskrifast úr grunnskóla 2030?
- Samþykkt í Borgarráði 20. nóvember 2018

Uppeldi og menntun barna og unglinga er samfélagslegt verkefni og á sér stað bæði með formlegum og óformlegum hætti.



# Myndband um menntastefnu: https://vimeo.com/696059131



# Innleiðing – hlutverk og ábyrgð

- Rík áhersla lögð á að fagfólk á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við aðra fagaðila og síðast en síst með virkri þátttöku barna og unglinga
  - Styðjandi en ekki stýrandi nálgun
  - Almennar aðgerðir til stuðnings innleiðingunni m.a. samstarf við MVS, Þróunar- og nýsköpunarsjóður, Nýsköpunarmiðju menntamála:
    - 2019-2021
    - 2022-2024



# 10 almennar aðgerðir 2022-2024

- Almennar aðgerðir samþykktar af skóla- og frístundaráði 09.11.21.
  - Loftslagsmál og umhverfi
  - Markviss menntun fyrir öll börn
  - Sjálfsefling, félagsfærni og lýðræði
  - Menningarlegur margbreytileiki
  - Læsi í víðu samhengi
  - Heilbrigði og vellíðan
  - Nýsköpun og framsækni í námi og leik
  - Faglegt samstarf og starfsþróun
  - Hagnýting stafrænnar tækni
  - Húsnæði og búnaður



**Almennar aðgerðir 2022-2024**

**Loftslagsmál og umhverfi**

Unnið verður markvisst að allsherjar vitundarvakningu um loftslagsmál og vistvænan lífsstíl í samræmi við *Græna planið* hjá Reykjavíkurborg. Efnt verður til víðtæks samstarfs við nærsamfélagið, félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki á sviði umhverfismála með sérstakri áherslu á virkar aðgerðir í skóla- og frístundastarfinu. Aðgerðir gegn frekari loftslagsbreytingum er forsenda lífsgæða framtíðar kynslóða. Leitast verður við að auka samtal og umræður við börn og unglinga um umhverfismál og hnattræn áhrif af hlýnun jarðar ásamt því að bæta aðgengi að námsefni, fræðslu og verkefnum sem fela í sér virka þátttöku þeirra og aukna alheimsvitund. Samstarf milli starfsstaða og við aðila tengda umhverfisvernd og aðgerðum gegn loftslagsbreytingum verður eflt ásamt tengingum náms við heimsmarkmið og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Menntun til sjálfbærni verður fléttað inn í allt nám og leik barna. Stefnt er að því að fleiri skólar í borginni taki þátt í verkefninu *Skólar á grænni grein*. Veittur verður viðeigandi stuðningur svo allir starfsstaðir SFS geti lokið innleiðingu *Grænna skrefa* og annarra sambærilegra verkefna í starfsemi Reykjavíkurborgar. Leitað verður leiða til að auka notkun á vistvænum samgöngum sem og bæta framboð á vistvænum mat í mötuneytum barna og starfsfólks og hvatt til ábyrgrar nýtingar efnis og auðlinda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Miðstöð útivistar og útináms gegnir lykilhlutverki í stuðningi við skóla- og frístundaskrifstofur í hverfum og starfsstaði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

**Tenging við menntastefnu**



**Markviss menntun fyrir öll börn**

Með innleiðingu á verkefninu *Betri borg fyrir börn* í öllum borgarhlutum og nýrra laga um farsæld barna verður þjónusta færð út í hverfin í nærumhverfi barna. Unnið verður að aukinni farsæld barna í þverfaglegu samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs Reykjavíkur. Leitað verður fjölbreyttra og skapandi lausna til að koma til móts við ólíkar þarfir barna í skóla- og frístundastarfi með árangur þeirra og framfarir að leiðarljósi. Gætt verður að kynjasamþættingu, jafnrétti og jöfnuði í öllu skóla- og frístundastarfinu. Með einstaklingsmiðaðri nálgun verði stuðlað að félagslegu réttlæti og jafnræði barna til náms og virkrar þátttöku. Lögð verður áhersla á að efla fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf og unnið að aukinni þátttöku fjöltyngdra barna og foreldra þeirra í skóla- og frístundastarfi.

# Nýsköpunarmiðja menntamála

- Hlutverk
    - Styðja starfsstaði við innleiðingu menntastefnu og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar í samvinnu við skrifstofu SFS
    - Skapa vettvang fyrir þróun lærdómssamfélags
    - Samræma og skapa yfirsýn yfir starfsþróun
    - Styðja við nýsköpun og þróun
    - Samstarf við Menntavísindasvið HÍ



# Þróunar- og nýsköpunarsjóður



- 200.000.000 kr. árlega
  - A-hluti
    - 150.000.000 kr.
    - Úthlutað til allra starfsstaða SFS til verkefna sem tengjast menntastefnunni
    - 193 verkefni styrkt fyrir skólaárið 2021-2022
  - B-hluti
    - 50.000.000 kr. til stærri samstarfsverkefna (4-8 milljónir hvert verkefni)
    - 28 verkefni styrkt 2019 – 2021 (Þar af 3 fengið framhaldsstyrk frá fyrra ári)
      - 15 verkefni unnin í samvinnu við fræðasamfélagið á þessum tveimur árum

# Grunnur að góðu innleiðingarferli

Líta á innleiðingu, þróunar- og nýsköpunarstarf sem ferli ekki afmarkað verkefni með upphaf og endi

Skapa traust í starfsmannahópnum til að taka áhættu, prófa, þróa, þora að mistakast, ígrunda og prófa aftur

Koma auga á og styðja leiðtoga,  skapa menningu sem styður  við þróun og nýsköpun





# Hvað er árangur og hvernig næst hann?






# Vaxandi hugarfar

Ég þarf að spyrja
hin hvernig þau fara
að því að læra þetta

Ég þarf að
prófa aðrar
aðferðir

Ég er ekki
ennþá orðin
góð í þessu

Þetta verður
erfitt og á
eftir að taka
tíma

Mistök
hjálpa mér
að læra



# Súrefnisgríman á okkur sjálf – verðum að huga að okkur:

- Líkamlega
  - næring, svefn, hreyfing, slökun, sumarfrí, taka frí frá símanum
- Sjálfsvitund
  - tími til að íhuga, skrifa dagbók, draga úr streitu, hlusta á eigin langanir og óskir
- Tilfinningalega
  - sækja í félagskap þeirra sem okkur líkar við, elska sjálfan sig, hlæja, gráta
- Andlega
  - vera í náttúrunni, hugleiða, leika sér, syngja, vera forvitinn, hafa tíma fyrir það óvænta
- Í vinnunni
  - kaffihlé, matarhlé, spjalla við vinnufélaga, ástríða fyrir verkefnum, fá ráðgjöf, teymisvinna,
- Jafnvægi
  - leita við að skapa jafnvægi á milli vinnu og einkalífs – fjölskyldu og vina – skyldu og leiks

# Gátlistar og sjálfsmat – dæmi úr gátlista um félagsfærni, samfélagsleg ábyrgð og virkni

- Börn/unglingar eru virkir þátttakendur í að móta viðfangsefni og val
- Barna/unglingaráð er starfandi
- Lýðræðislega er valið í barna/unglingaráð og önnur ábyrgðarhlutverk
- Í starfinu er boðið upp á fjölbreytt hópastarf/klúbbastarf
- Öll börn/unglingar fá tækifæri til að vera leiðtogar og stjórna t.d. viðburðum og leikjum
- Börn/unglingar eru hvattir til að hrósa hvert öðru á uppbyggjandi hátt



MENNTASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR TIL 2030

*Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni*

**Viðmið fyrir félagsfærni:**

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

5 Að fullu komið til framkvæmdar
4 Að miklu leyti komið til framkvæmda
3 Að hluta komið til framkvæmda
2 Að litlu leyti komið til framkvæmda
1 Ekki komið til framkvæmda

| Vísbendingar sem benda til þess að unnið er að félagsfærni í grunnskóla: | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 | Skýring/Rök |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stefna skólans:** | | | | | | |
| 1. Í skólanámskrá er sagt frá hvernig unnið er markvisst með félagsfærni. | | | | | | |
| 2. Í skólanámskrá/starfsáætlun kemur fram hvernig virkt samstarf er við aðra grunnskóla, leikskóla, frístundheimili, félagsmiðstöðvar og þjónustumiðstöð. | | | | | | |
| 3. Til er skráð verklag við að afla sjónarmiða nemenda. | | | | | | |
| 4. Í stefnu skólans er áhersla á nýbreytni/umbótaverkefni sem efla félagsfærni nemenda. | | | | | | |
| **Viðmið um gæðastarf:** | | | | | | |

https://gatlistar.menntastefna.is/

# Hafið samband til að fá upplýsingar eða deila hugmyndum

Nýsköpunarmiðja menntamála: nymid@reykjavik.is eða frida.b.jonsdottir@reykjavik.is

Mixtúra - Gróska: mixtura@reykjavik.is

Miðja máls og læsis: mml@reykjavik.is

Miðstöð útivistar og útináms: muu@reykjavik.is

Sigrún Sveinbjörnsdóttir: sigrun.sveinbjornsdottir@reykjavik.is









Menntastefna
Reykjavíkurborgar

Verkfærakista Um menntastefnu Gátlistar Þróunarsjóður Starfsþróun

# Menntastefna Reykjavíkur - Látum draumana rætast

**Um menntastefnu**

**Gátlistar**

**Þróunarsjóður**

**Starfsþróun**


Takk fyrir